

Göprún dimmblá skráir
mál litlu kjaftforu völvu

Óðsmál in fornu

ISBN 978-9935-409-40-9

15. ISBN 978-9935-409-14-0

Óðinn

synir hrafnar eljur Sleipnir Valhöll einherjar

Göia goði, Óðsmál,
<http://www.mmedia.is/odsmal>
frejukettir@mmedia.is; odsmal@mmedia.is




Norraen menning

+354 694 1264; +354 552 8080



Óðinn, Skáni (frá víkingaöld)



yógi (ca 2500 f.Rómarnúll)

Óðinn synir hrafnar eljur Sleipnir einherjar

-Hvers konar familia er þetta?

-ΓΝΩΘΙ ΣΕΑΥΤΟΝ

γνοθι σεαυτον

Gnóþi seauton.

Þekktu sjálfan þig.

Fyrst smáklausa um persónugervinga krafta:

Óðinn er ekki aðeins einhver karl á hestbaki.

Fornsagnakappi frá Bharata

sem reið norður á bóginn og fylgði honum friður hvar sem hann fór um lönd.

Óðinn af yaa या (stofn í) yaat(1) यात् farandi, sem ferðast,

(lat.vátés skáld) -- andstæða aavasita आवसित er kyrr (smáorð)

Óðinn er ekki aðeins eitthvað sem við hugsum um,

þótt

hugsun verði okkur veruleiki að vísu,

þannig að umhugsun um eitthvað (hvað sem er) verður að einhvers konar alvörufyrirbæri í okkar kalli.

Þetta er ekki nóg skýring hjá mér.

Athuga verður að með því að hugsa um eitthvert fyrirbæri, vekjum við eitthvað (eitthvert umhugsunarefni)

og

innan okkar er svo hæfileikinn til að nýta hugtakið til tilætlaðs árangurs.

Dæmi: Maður er lasinn, hugsar sér sína beztu hjálparhelli, og við tilfinninguna um nálægt hennar, batnar manningunum.

Lækningin er innbyggð,

og goðið er vísbending, sem beinir lækningarmætti kroppsinna inná rétta braut.

Þannig virkar átrúnaður og placebo*.

Viljastyrkur og jákvæðni er lækning.

(*Placebo er hveitipilla sem sjúklingur telur, og hefur tröllatru á, að lækni hann; eins er til hugtakið nocebo sem er yfir lyf sem virkar ekki vegna þess að sá sem tekur það er viss um að það virki ekki á hann.)

Við þekkjum ekki okkur sjálf með því að hugsa um guð eða guði.

En goð og skurðgoðadýrðkun, stokkar og steinar, beina huganum inná við í það sem við ætlum.

Hugurinn talar við sjálfan sig og beinir sér í fyrirfram ákveðna átt.

Hugur býr til veruleika.

Hugur kemur á undan efni.

Við þekkjum ekki heldur sjálf okkur með því að líta í spegil, ekki heldur með því að hugsa: ég er guðleg vera sköpuð af skaparannum í mynd skaparans

Ath: Þessa klausu hef ég eftir hér með fullri viðringu fyrir þessum sannindum.

En eftirfarandi klausu hef ég eftir með miklum trega og er gersamlega ósammála:

Ég er herra jarðar, hef leyfi frá skaparannum til að nýta allt sem hönd á festir, drepa dýr og óæskilega menn, og gernýta og níðast á gæðum jarðar.

Maður sem segir svona þekkir síst af öllu sjálfan sig. Veit ekki hver hann er.

Hann hefur hengt hatt sinn á nagla sem ekki fær staðizt. Nagla sem er valdataeki. Ekki sannleikurinn.

Allt sem stríðir gegn lögmálum náttúrunnar, tívatúni, er þar með synd. (Syn, 6.)

Að láta persónugerving segja eitthvað er einnig hugsun.

Gæði hugsunarinnar fer eftir vitundarþroska þess sem talar.

Skilningurinn fer hins vegar eftir vitundarþroska þess sem hlustar.

Sumir tala með eiginhagsmunum í huga,

aðrir vilja segja sannleikann til þess að allir fái skilið.

Uppljómaðir menn tala út frá sínu vitundarstigi, og aðrir reyna að hugsa eins og hann.

Það virkar seint og illa,

-- því óuppljómaði maðurinn þekkir ekki sjálfan sig.

Hann getur ekki sjálfur leitt sjálfan sig því hann hefur ekki tæknina til að sóa einstaklingsvitund í alheimsvitund.

Hann fer eftir orðum misvitra.
Telur sig etv. mjög sjálfstæðan.

Margir uppljómaðir menn segja sannleika,
en gefa ekki neina tækni til að sóast
-- hafa enga tækni handa þeim sem verulega þurfa á henni að halda.

Menn fara að hugsa um þennan uppljómaða,
en það er aðeins jákvæð hugsun.

Menn fara jafnvel að apa eftir látbragði goðsins.

Persónugervingar eru mjög skemmtilegir, en afvegaleiðandi.



Menn fara kannski að dýrðka predikarann!

Óðinn persónugervingur fyrir mannlega vitund,
Sleipnir er mannlegt taugakerfi.

Sleipnir er 8-fættur
(sjá 26., höfuðskepnur,
og: 36. móðir náttúra 8-föld praktíti).



Dúrga, gyðja (20.), hefur 8 handleggi, en 8 eru taugarnar sem koma út frá mænunni við sakralbeinið.

(Tony Nader MD PhD maharadja adhiradja Nader Raam,
ein af bókum hans ISBN 81-7523-017-7)

Flæði vedu er flæði minnis, Mímis, í einingu, í eind,
sem verður 8 eiginleikar, en hver og einn hefur innan sín 8.
Hvert eitt hefur minni hinna 7. Minni um sig sjálft.
Hvert eitt af 8 er úr 8 svo úr verður 64.
Hvar enda vangaveltur um átta?

भूमिरापो ऽनलो वायुः खं मनो भुद्धिरेव च अहंकार इतीं मे भिन्ना प्रकृतिर्अष्टधा

bhúúmiraapó 'nalo (analo) vaayúh jörð vatn eldur loft
kham mano búddhír eva ca rúm hugur vitsmunir(/greind) einnig
ahamkaara itíiam me ek(að búa sig til sem einstakling) þessi eru minnar
bhinna prakrítir asthadhaa uppskiptu náttúru 8 svið

(kham (rúmið akash) er sama orð og himinn á íslenzku,
en hima á sanskrít þýðir snjór, sbr Himalaya;
ath einnig Heimdallur sem deildir heims, uppdeildur heimur)

jörð vatn eldur loft rúm hugur svinnur ek
(26., höfuðskepnur, 13., Helía, 36., náttúra),
áttföld skipting úr eindinni.

Sé Sleipnir taugakerfið okkar, ætti aldrei að neyta vímuefna.
Eitur eyðileggur hið dýrmætasta:


mannlegt taugakerfi, mannlegan heila.

Heldur ekki eta lauk og sveppi, ekki herta osta, og aldrei deydd dýr,
ekki fiska og ekki lýsi. Slíkt stíflar rásir
og vinnur gegn því að hnýsast niður
(truflar transcendence;
Hávamál v.138; nýsta ek niður, vitund gefin vitund.).

Álfar (23.; elfur, rásir, shrota) geta ekki lifað ef menn stífla rásir sínar.



Sleipnir verður að vera taminn.
Enginn kemst leiðar sinnar á ótemju eða körgum klár.



Ótemja er til lítils gagns á ferðalögum svo sem ferðinni í Ásgarð,
en taminn þjáll hestur er inn þarfasti þjónn við slík ferðalög.

Nú er það svo að vegalengdin er engin.
Hún er frá mér til mín.
En samt þarf farartækið taugakerfi -- í tipp topp standi til ferðarinnar.

Sleipnir fer ekki inn í Ásgarð.
Hann bíður sallarólegur fyrir utan.
Við þurfum ekki að tjóðra hann.
Nálægðin ein gerir hann rólegan. Líkamsstarfsemin kyrrist alveg.

Nálægð við Glaðheima er gleði.

Enda er ferðin frá mér til mín, svo hvert ætti hann að rjúka?




Rosina Wachtm.

Sleipnir er heimfús á leið í Ásgarð,
því allt skapað er úr ginnungagapi. Einnig mannlegt taugakerfi.

Hann er heimfús út í veröld á ný (-- fell ek aftur þaðan),

því hann er af inni sköpuðu veröld.



Hnýsist ek niður,
fell ek aftur þaðan.

Hér erum við að tala um fjórða vitundarstigið. (25., 27., 30.)



Við köllum þetta að fremja valkyrju,
en valkyrjan er þjónustumær Óðins.
Vísar okkur leiðin í Ásgarð,
tekur við okkur við dyrnar á Ásgarði og vísar okkur inn.
Byður okkur velkomin.
Vats er þörf þeims til verðar kemur.

Valkyrja er gjörningur vakandi manns.




valkyrja

En til hvers?

Til hvers að stunda valkyrjugjörninga?

Mikil djúp hvíld, andleg og líkamleg,
heilinn vinnur betur við að nærast,
líkaminn verður tærari og tærari
jafnvel mælist hækkuð greindarvísitala (/IQ) !!
uppsöfnuð steita hverfur
nýir streituvaldar bíta ekki á okkur lengur

líkaminn nær fullkomnu heilbrigði.



©GlobalCountry

(úr vísindarannsóknum á TM-tækninni í samb.v. heilastarfsemina)

Við þá djúpu hvíld sem stundardvölin í Ásgarði veitir manni,
losnar um uppsafnaða streitu í líkamanum,

Þegar streitan losnar í þessari djúpu hvíld,
ertist taugakerfið, Sleipnir,
þannig að Sleipnir ókyrrist, en veit ekki hvers vegna.
(erting kemur á taugakerfið við að streita losnar)



gruggur í frumum; streita losnar við TM; heilbrigðar frumur

Við það að streitulosið ertir taugakerfið, fer heilinn að hugsa,
(við ertingu frá taugakerfinu á heilann verða til hugsanir/koma hugsanir)

en heilinn veit ekki hvað hann á að hugsa,
því maðurinn er í djúpri hvíld,
ekki að einbeita sér að einu né neinu,
svo heilinn hugsar bara eitthvað

(ath: ekki er verið að einbeita sér að neinu,
enda skemmir einbeiting fyrir ferlinu inná við;
ferli hugans innávið er náttúrulegt, rétt einsog náttúruleg mál,
hugurinn sækir sjálfkrafa í kyrrðina miklu).

Að hugsa er það eina sem heilinn kann.

Svo ertingin frá taugakerfinu verður að hugsun
(sem er bara rusl-hugsun og fær enga umhugsun hjá okkur)

Maðurinn er ekki að einbeita sér að neinu þessa stundina,
svo heilinn hugsar bara eitthvað, eitthvert samhengislaust bull.
Við skiptum okkur ekkert af hugsunum við iðkun TM.

Streitan sem losnaði, streitulosið,
olli því að Sleipnir rauk,
við það fór heilinn að hugsa

en endilega ekki þæla í því sem heilinn fer að hugsa í miðri Ásgarðsför
okkar, því þær hugsanir eru einungis rusl.
Hugsanir úti loftið,
sem verða til vegna þess að streita losnaði í líkamanum -- og hugurinn
grípur eitthvað útúr samhengi.

Það að losa um streitu er tilgangurinn með ferðinni,
tilgangurinn er að verða tær (31.). Losna við uppsafnaða streitu.

Eina aðferðin sem mælist vísindalega sem al-áhrifarík við að losa um
uppsafnaða streitu er TM® og TM-sidhi®.



vaka djúpsvefn draumsvefn algjör kyrrð, vökul kyrrð
(fyrstu fjögur vitundarstigin okkar af 7; hin biða okkar)

Fullkomið samræmi mælist í heilabylgjum í TM,
líkaminn í fullkominni hvíld.

--- TM er áreynzlulaus og náttúruleg tækni.

Ekkert er huganum eðlilegra en sækja í uppruna sinn.

Margar aðferðir eru til en engin er svo alfullkomin sem TM rétt iðkað.
Flestar svona aðferðir byggja á einbeitingu eða hugsun,
og það nær aldei í Ásgarð.

Athugið: hugsanirnar sem koma í hugann við iðkun TM, eru ekki baun
í sambandi við streituna sem losnaði,
því enginn veit lengur hvernig eða hvenær hún komst inn.

Við erum búin að hlaða streitu í taugakerfið -- af klaufaskap --
og TM-iðkun losar um hana og hún gufar upp.

Maðurinn vissi ekki einu sinni af streitunni þarna gleymdri og grafinni lengst inni í taugakerfinu.

Jafnvel börn í nútímaþjóðfélagi eru uppfull af streitu, skólar eru í vandræðum -- nema vitundarþroskamenntunarskólar (37.)

Við erum svo vön streitu-grugginu í líkamanum að við tökum ekki eftir því.

Höldum að þetta eigi að vera svona.

Uppsöfnuð streita og stíflaðar rásir líkamans (ama; 39.) valda veikindum og leiðindum -- fyrir eða síðar.

Taugakerfi á að vera streitulaust, altært, til að virka fullkomlega.

Það er hið eina eðlilega og náttúrulega ásigkomulag Sleipnis.

Heilinn er í algjöri hvíld á fjórða vitundarstigi (hnýsist ek niður)

engin hugsun í gangi,
gefið mál því engin mannleg hugsun fer í Ásgarð
en einstaklingsvitund er þar sameinuð alheimsvitund.

Aðeins TM-tæknin hefur gefið vísindalega sönnun á þessu.


endurtek:

Við þá djúpu kyrrð sem við upplifum við iðkun TM losnar uppsöfnuð streita í líkamanum.

Sleipnir ókyrrist við streitulosið,
ertir heilann,

heilinn rýkur til að hugsa við að Sleipnir ertist,

Heilinn grípur eitthvað á lofti gersamlega útúr samhengi
en Sleipnir ertist við að steita losnar einhvers staðar í líkamanum,




nísta ek niður, fell ek aftur þaðan.

Þetta þarf að skiljast, því annars er förin til lítils gagns.
Ekki láta toga ykkur út við svona sjálfsagðar uppákomur
þótt þið fallið þaðan um stund,

orðalag í Hávamálum, falla aftur þaðan.
Nú vitið þið hvers vegna.
Þegar skýringin er komin er auðvelt að halda áfram, hnýsast niður á ný.



Hnýsist ek niður,
fell ek aftur þaðan.
Aftur og aftur meðan á gjörningnum stendur,
20 mínútur í senn tvisvar á dag.



Skólabörn sem iðka TM í hóp í skólanum, eru 10-20 mínútur í byrjun skóladags í TM, og 10-20 mínútur í lok skóladags.
Og þetta gerir gæfumuninn !! (37., vitundarþroskamenntun.)

Hver kennslustund (40mín) er stytta um þínupons (enda 40mín í það lengsta fyrir einbeitingu barnanna), og þannig græðist tíminn í
kyrrðarstundina

Og hvers vegna skyldu Hávamál (vísa 138 o.áfr.) segja frá í þátíð?

Vegna þess að engin mannleg hugsun er þá stundina sem maður hnýsist niður!!
Sagt frá eftirá.

Menn sem iðka iðla Iðunni sína, þróast hratt.
Óðinn ræðir við Míms höfuð,
það er einn minnugur alls. (13., 40.)

Í sögu/leikriti sem heitir Þetta er mitt hús (eftir Goprunu), segir Þöll við sjálfa sig:
Sum verk sjást þegar þau hafa verið unnin, sum verk sjást aðeins þegar þau eru ógerð.

Pöll -- í leikritinu Þetta er mitt hús -- er að þrifa endalaust steinryk í blokkaríbúðinni sem enn er í smíðum, og horfir á mynd af kærastanum sínum, íþróttamynd úr blaði; við myndina stendur: Markahæstur.

Þegar við hnýsumst niður og þrífum til í taugakerfinu,
sköfum upp gleymda streitu og stíflu í likamanum,
fleygjum sorpinu út,
lítur ekki út fyrir að við séum að gera mikið:

Sitjum, vakandi, með lokuð augu, og jafnvel minnsti vottur hugsunar hverfur sjálfkrafa -- ef tæknin TM er rétt lærð og rétt iðkuð.

En samt erum við að gera hið nauðsynlegasta,
og flýtum hérmeð framþróun okkar og heimsins okkar.

Stuðlum að friði í heiminum okkar. (38.)

Streitugruggur er mesti óvinur. Algjör andskoti og fjandi.
Honum þarf að fleygja út.
Uppsöfnuð streita, syrja og óhreinindamor í taugakerfinu veldur veikindum,
og gruggurinn veldur röngum ákvörðunum mannanna.

Óðinn yodhin योधिन् Gautur

Baráttumaður og sigurvegari
Sigr hvað? Sigr hvern?

Óðinn sigrar Óðin, ekki tveir heldur einn.
Alheimsvitund sigrar mig, ég sigr hana, hinn fullkomni sigur.
Sprelllifandi, auðvitað.
Leiðin í Valhöll.
Hávu grasi vex og hrísi sá stigur sem ekki er troðinn.
Far að finna opt.
Til góðs vinar liggja gagnvegir.



Þetta er um flæði,
vökult flæði,

um hunangsmjöð.

Með heilalínuriti (EEG) mælist vitundarstig manns. Tærleiki manns.

Mikil gjörðataækni -- fimbulrúnir og galdrar góðir -- fylgja í kjölfarið. Hækkandi vitundarstig manns.



Hið 4.vitundarstigið er skrepp í Ásgarð.
Ksanika dhyaana, „stöku sinnum dá”.
Heilasérfræðingurinn mælir það á línuriti sínu (EEG).

Maðurinn sést loka augunum, en ekki sést þegar hann beitir huglægri TM-tækninni, -- nema hvað heilalínuritið nemur það!!!

Við tölum gjarnan um rökvísi og skilning sem hin æðsta mannsins hæfileika,
og rétt er það,
en til er eitt enn æðra: þekktu sjálfan þig.

Rökvísi og skilningur verður tærara og æðra, þegar Óðinn sigrar Óðin.

Gæði hugsana fara eftir vitundarstigi mannsins sem hugsar.


Einstaklingsvitund sóað í alheimvitund,
ek gefinn sjálfum mér gefinn Óðni, Óðinn gefinn Óðni.

Meira en rökvísi.
Kunnátta þekking skilningur.

विज्ञान् विदन्त्यान् listin að skilja

बुद्ध् बुद्धिं buddh buddhi óðinn, दन्त्यान् क्वा क्वा kenna kunna kunnigr

Við erum í raun þekkingin, svinnur. Þekkingin er fyrir hendi í svinni.



Einstaklingur er ginnungagap.

Óðinn í okkur er alltaf frjáls
ekki háður því sem hugurinn er að fást við.
Horfir á og gerir það sem honum sýnist.
Tær Óðinn, og við tökum réttar ákvarðanir, höfum réttar langanir.
Allar hugsanir hins altæra manns eru í Þundarflæði.

Tær Óðinn -- og þá hugsunum við eingöngu rétt,

Óðinn skapar með hugsunum og löngunum einum saman.

Svona líf er mjög auðvelt.
Hið eftirsóknarverðasta.
Engin fyrirhöfn.

Heiðni er hagnýt vísindi.
Léttir okkur allt lífið og styður tilgang þess.

Rétt einsog við sjáum í náttúrunni (36.),
hvernig hún hefur Þundarflæði (28.),
alltaf áreynzlulaust.
Aldrei rembast lækir við að renna upp og yfir hæð,
heldur fara í kringum hana,
mynda jafnvel tjarnir sér til hægðarauka.

Þannig er líf ins uppljómaða einherja.
Langanir hans eru tærar og týréttar, og náttúran útfærir þær á
auðveldasta hátt.




Einherjar -- sem lifa 5. og 6. vitundarstig (sjá 30.)
taka léttilega því sem að höndum ber

- þeir eru lausir úr gjörðaflækjunni
- lausir undan Gunnaveldinu.

Tær Sleipnir (31.) er þjáll,
ótær Sleipnir ónothæfur.

Foreldrar Sleipnis eru Loki í merarlíki og þursagraddinn Svaðilfari.
Þess vegna er ekki alveg hægt að treysta honum, þótt hæfileikum sé gæddur,
ekki fyrir en búið er að temja hann ljúflega.

Íslendingar vinna alltaf skynsamlega með hestinum þegar þeir temja,
stríða ekki gegn honum,
við virkjum leikgleði folans,
en sums staðar er „breaking in“ sem er að brjóta niður vilja og mótþróa
með harðri hendi.
EKKI nota slíkt. Það er ekki gleði né gaman.



Ekkert er mannum eðlilegra en skreppa heim.

Sleipnir inn sleipi,
Sleipnir sem sleppur innfyrir, eða nærri því innfyrir.
Inn fyrir hvað?
Innfyrir allt ið skapaða -- eða nærri því svo: hann stendur við dyr
Ásgarðs og bíður eigandans.
Alslakur og rólegur. Alkyrrt taugakerfi, í hvíld.
Jafnvel andardráttur manns í kyrrð verður flæði eitt.

Það er engin hindrun á þessari leið innávið.


pratyavaayo na vidyate प्रत्यवायो न विद्यते (Bhagavadgita II 40)

Sleipnir lærir brátt að hann á að skreppa milli heima án fyrirhafnar.



Sleipnir er hluti af því skapaða.



Meira að segja er það svo að við sjáum okkur sem einstaklinga vegna taugakerfisins!



Þegar við búum okkur til taugakerfi,
virkum við sem einstaklingur - virkum þannig á okkur sjálf og hina.

Taugakerfið veldur einstaklingsmeðvitund,
ég og þú -- einsog við sjáum vel!!
Ég sé þig og þú sérð mig,
veraldleg augu okkar sjá nú þetta vel.
Um leið og við myndum Sleipni í okkur, köllumst við einstaklingar.
Hver og einn verður einstaklingur við getnað, og allir möguleikarnir búa í
kjarnsýrunni (DNA).
Sleipnir er í heimi Gunnanna þriggja, þar sem tvískinnungurinn ríkir.

Taugakerfið okkar verður að ver altært (31.).



Gleymum ekki að við erum ginnungagap
þótt við sjáum það ekki með augunum okkar.

Súútra, superstring, höft og bönd, सूत्र súútra sauma; þráður,
goðin kallast höft og bönd

Telja má Gera og Freka til húsdýranna,
en kjöt eitt gefur Óðinn greyjum sínum (22.).
Þegar maður deyr fer búkurinn í Gera og Freka.
Hið fingerðasta einstaklingsins til Heljar (13.).

Þetta var nú um húsbóndann í Gláðheimum,
um húsdýr famíliunnar, og þjónustumeyna valkyrju.

Hrafnar Óðins eru á flugi,
eiginlega ekki gæludýr fjölskyldunnar.
Alfrjálsir, og fljúga um himininn, vitund. (30.)

yogin og múnín eru uppljómaðir menn (29., 30.). योगिन् मुनिः
yógar og munkar



Huginn er yogin, Muninn er múnín,
og við menn í Valhöllu sprelllifandi erum einherjar,
komin á æðra vitundarstig
(ið fimmta og ið sjötta).



Váli Viðarr Baldur Höður og Meili


Valaskjáf Vála Rindarsonar er tvíburar, 3ja merki dýrahings, og því
kanskí Viðarr einnig þar.



Einars Pálssonar Grímnismál.

En synir Óðins, Váli Baldur Viðarr Höður, eru ferli -- rétt eins og jól,
hjól, sem alls staðar er að finna

Lítill ferli og stór ferli,
hver sólarhringur (sýnilegur einkum á miðbaugi),
hvert ár, eftirtektarvert einkum á norðuslóðum og suðurslóðum,
hver mannsævi, fæðing, vöxtur, ævikvöld, Helia,
ferli svo sem myrkar aldir /kalyuga og svo satyuga,
og allt hefur aðdraganda,
hefur eins konar dagrenning, eða ljósaskipti einsog þau eru á Íslandi, þar
sem þau gefa sér góðan tíma.



En munið að mennirnir eru
alltaf ginnungagap (27.).

Váli – sigrar myrkrið með því að koma inn með ljós, Valur morguns,
-- og heldur því áfram eftir ragnarök.
Synir taka oft við af feðrum. Það er þróun.
Dætur taka við af feðrum (32.framþróun).

Einherjar (30.) eru þeir menn sem komnir eru á fimmta og sjötta
vitundarstig.


Þeir dvelja sprelllifandi í Valhöllu (30.) alla ævi eftir að þeir verða
einherjar.
En ganga um á jörðu á meðal vor eftir sem áður, og vinna í verslu.
Una við vín Valföðurs (14.).
Og þróast áfram í 7. vitundarstig, eind. (25., 27., 30.)
Þeir berjast fyrir réttlæti (16., Týr og Fenrir).

Ekkert fær grandað þeim því þeir vinna með Þundu.
Þeir eru ósigrandi. (38.)


Bezt að fá lánaðan vítahring Þjóðvitnis (úr 4.skræðu)
þann sem Ullur er búinn að eyðileggja með báli þekkingarinnar:



Þjóðvitnir: Guðvelkomið !!
þar sem einherji er með koppinn og ekkert montinn?
Gjörðu svo vel!
Endilega vitnið í **4. skräðu** oft og mörgum sinnum! Hún er bezt.



Einherjar verjast Gunnaáreiti, orðnir alheilagir,



komnir með koppinn, ekkert montnir.



Ullur pullur skíta rullur búinn að brenna paradís-Gymisgarða með báli þekkingarinnar. Vantar ykkur fleiri myndir úr **4. skræðu**????

-Þetta er flott, Þjóðvitnir minn.

Vani veldur því hvort einherji er virkur eða mjög afslappaður. Maður sem er mjög virkur að eðlisfari, -- og af vana -- heldur því áfram þótt hann uppljómist, en gæði verka hans, gæði hugsana hans, eru mikil nú.

Skilningarvit hans eru tær og næm, og hann sér (18., Sága). Ekki er hægt að sjá á manni hvaða vitundarstig hann lifir, en hægt er að lýsa hverju vitundarstigi, og hægt er að mæla líkamlega samsvörun hvers og eins vitundarstigs.

Vitundarstig og tærleiki mælist í líkama mannanna.

Hugur og efni (líkami) helzt alltaf í hendur, fylgist alltaf að.



Menn verða að berja sín tröll. (1.)



Hleypa rísandi Sól inní sitt líf. (1.)

Skilningarvitin verða næmari við að maður kemst á hærra vitundarstig.
Þókan og dofinn hverfa.
Allt verður fallet í heimi hér.

-Kannski halda menn að gruggug skilningarvit séu hið eina sem er (!!), og það sé í lagi svona (!!) og eigi að vera svona (!!).
Enda vita þeir ekki að annað og betra er til. (!!)

-Maður sem lifir Valhöll sér allta hluti hjartari og falletgri.
Það er vegna tærleika eigin taugakerfis
en ekki vegna hlutanna sem slíkra.
Fyrirbærin breytast ekki heldur sýn mannsins, sem verður tær.

Útsýnið er svo fagurt úr Valhöllu.

Móðir náttúra (36.) gleðst við hvern þann sem verður einherji.
Þeirra verk eru í þágu framþróunar.



Þeir eru ekki sjálfumgláðir eiginhagsmunadekursseggir.
Móðir náttúra þarf svona menn.
Stundum er þanþoli hennar ofboðið. (36.)
Einherjar eru tærir menn
og þróun allri nauðsyn, og lífinu á jörðu mikil hjálp.

Rindur er valkyrja, hún er er móðir Vála, vals morguns,
Jörð er Þórs móðir og mannanna móðir, (1., Þór, 19., móðir Jörð),

Frigg (18.) er in dýrðkaða og dáða gyðja, ást og kærleikur, prema प्रेम
alumvefjandi og algefandi,
alnærandi og alelskandi af gnótt sinni.
Alheimskærleikur.



Frigg Fensölum, Óðinn Glaðheimum, í dýrahring,
sjá Einars Pálssonar Grímnismál.

Freyja (20.) vinnur með bræðrunum Óðni Vila Véa (3.) en samt sem elja,
elja, atorka, keppinautur annarrar,
Gunnlöð (32.) er ástmær sem geymir og gefur mjöðinn dýra,



og nú verðum við að gæta okkar á táknmálinu.
Allt sem gerist í Glaðheimum, allt sem gerist í Ásgarði,
er ekki um karla og kerlingar í veröld.

Hver saga hefur mörg lög skilnings.
Skilningur fer eftir vitundarstigi hvers manns.

Andstæður eiga það til að stangast á,
tvíleikur er oft samband sem gengur brösulega,
og tveir ólíkir pólar geta verið óvinir.
Sterk sýra + sterkur basi (sett saman) núllast út.

Í goðsögnum sjáum við kvengerða krafta og karlgerða krafta,
en í eind eru samt engin kyn.
Í goðsögnum er um tvö öfl að ræða sem vinna saman,
og án hvors annars geta þau ekki verið ef framför á að verða.

Rétt einsog barn á sér föður og móður, og ekki getur barn fæðst nema
svo sé. Det skal to til, segja Danir.

Sjá einnig Skírnismál, og 8. um Gerði og Frey;
guð án manna og menn á guða,
jarðlíf án hins guðlega innsta eðlis síns,
og guð sem nær ekki sambandi við sína þrá um að vera mönnunum ljós.
Frá Gerði séð eru guðin í myrkri,
frá Frey séð er mannkyn í myrkri.

En hér tölum við um sköpun, purusha og paraprakríti (20.).

Oft er gripið til persónugervinga krafta sem búa innan samsviðsins,
einsog Óðins og Friggjar,
Óðins og Gunnlaðar,
ÓðinsVilaVéa og Freyju,
Óðs og Freyju,

og í mannlífi: Iðunnar (20.) og Braga, sem verður skáld,
og Skaða sem vill Baldur en lendir á Nirði (21.),
Gerðar sem nýtur loks þess guðlega.

Í samsviðinu, sem hér um ræðir, eru allir kraftar tærir og einungis í átt
til framþróunar.

Þegar búið er að persónugera krafta, sér hinn grófi maður aðeins karla og
kerlingar, og alls konar framhjáhald verður til í hans láγκúrulega kolli.

*-Sbr.: Guðs tippi, sem Þjóðleikhús Íslendinga hampar?
(8.skræðu spássiukrot)*

-Svinnur, ginnungagap, Gláðheimar, Ægir, tívatún,
mörg nöfn (og enn fleiri til) um eitt og hið sama.
Einn er sannleikurinn, hinir vitru nefna hann ýmsum nöfnum.

ekam sad vipra bahudha vadanti एकं सद्विप्र बहुध वदन्ति

Kjarninn í heiðni hefur varðveitt, því hann er sannleikurinn,

nú enduruppgötvum við dýpt og fegurð forna siðar okkar.

En eitthvert yfirborð er glatað, og aldrei mikil eftirsjá í prótúkollum.
Það sem máli skiptir er mergurinn málsins,
ekki umbúðir og búningar.

Við þurfum einnig að vita það sem Tat Vale Baba segir:

Hinn eiginlegi ég, ek, vitund manns, sefur ekki.
Svefn, vaka og draumsvefn eru veraldleg vitundastig manna.
Vitund sefur aldrei.
Ef vitund svæfi myndi veröldin öll sofna!

Óðinn sefur aldrei.
Hin raunverulegu við erum ginnungagap, og það sefur aldrei.

Ef ginnungagap sofnar, þá sofnar allt.
Ekki einu sinni við ragnarök (pralaya) sofnar ginnungagap.

Þróun manns er að nú veit hann hvað ginnungagap er,
og veit að hann er það.

Sá gruggugi (31.) sér heiminn með veraldlegu augunum sínum (26.).
Hinn uppljómaði lítur á slíkt sem nótt,
en fyrir inum uppljómaða er niðdimm nótt björt sem dagur.
(30.: Það sem ósvinnu mennirnir kalla dag,
er nótt í huga hins uppljómaða,
en jafnvel nóttin er sem bjartur dagur
í huga þeirra sem sjáandi eru
(Bhagavad gíta II69)

Ekkert hefur breyttzt, þótt maður verði einherji, annað en hans sýn á
tilveruna.
Það sem hann ekki vissi fyrr, veit hann nú.

Það sem hann veit nú hefur alltaf verið og verður alltaf.

Allir menn þurfa að hnýsast niður til að sjá. (Iðunn, TM-samsviðstæknin)
Til þess er Sleipnir,
til þess er valkyrjan,
til þess er mannlegt líf.

Meðan hugurinn er upptekinn við að hringsóla í veraldarinnar efni og
orku, sköpunarverkinu, og hefur ekki fundið neitt annað en það,
veit maðurinn ekki af uppruna sínum.

Uppruninn breytist ekkert við að menn finna hann.

Sýn mannsins hins vegar opnast upp fyrir honum.

Hvar finnst ginnungagap?

Svarið er: alls staðar.
Við erum það.

Við tölum um æðri vitundarstig, en það er aðeins þessi mikli fundur,
að finna sjálfan sig,
að koma á fund við sjálfan sig.

Vígja sig altæran. -- Hið eina eðlilega hverjum manni.

Sjálfur leið þú sjálfan þig.

Þekktu sjálfan þig.

Γνοθι σεαυτον



ISBN 978-9935-409-14-0

Þekkingin mikla sem finna má í þessum Óðsmálum inum fornu kemur frá maharishi mahesh yogi, heims mesta eðlisfræðingi og kennara, frá vishva (heims) shanti (friðar)

raastram (ríkinu), विश्व शान्ति रास्त्रम् . महर्शि maharishis hugmynd er að finna सनातन धर्म sanaatana dharma (hið eilífa sem uppi heldur) í menningararfinum okkar.

Þekkingin er ægidjúp og spannar hið veraldlega og samhitaa /ginnungagap /samsvið allra náttúrulögmála /„stjórnarskrá alheims”. Aðeins skilningur á þessu hvoru tveggja til samans getur borið nafnið þekking. Úr hinu óskapaða kemur allt hið hverfula.

Með iðkun samsviðsvisindanna og -tækninnar er unnt að öðlast þessa 200% þekkingu.

Lifa 200% lífi, पूर्णमदः पूर्णमिदं.... puurnam adah puurnam idam... आचरिवद् aaschariavat (undur) er grundvallarraunveran kölluð (stofn -char frb.tsjar), a-char, hið óhagganlega. Undur raunverunnar eru torræð inum grugguga manni -kölluð „Mystics of Reality”-

auðskilin inum tæra manni: „ek em ginnungagap”. अहम्ब्रह्मस्मि aham brahmasmi.

Til heilla er í lífi hvers manns að kynnast þekkingunni miklu af eigin raun.

Sjálfur leið þú sjálfan þig. Ég gefinn sjálfum mér. Til þess er samsviðstæknin TM, auðlærð og einföld, eðlileg, náttúruleg -- og nauðsyn hverjum manni í daglegu lífi.

Iðkun samsviðstækninnar og -visindanna, TM®, gerir taugakerfi manna tært, hugar skarpan, flýtir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkunnunar, gerir 192 ríki heims sjálfstæð friðsöm fullvalda: Friðsamir einstaklingar, friðsamar þjóðir, friður í heimi.

Fullkomið samræmi þjóðarvitundar hveurrar einustu þjóðar á jörðu veldur friði.

Við heyjum frið með visindum og tækni sem maharishi kennir. (globalcountry.org)

Siðþekking er að þekkja forna sið og dýpt hans, að þekkjast forna sið og lifa

Þundarflæði í sátt við náttúrulögmálin, hveurrar forsetar guðin okkar eru.

Ekki kann góðri lukku að stýra að stríða gegn lögmálum náttúrunnar. Það skiljum við sem forna sið þekkjumst.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, upprunaleg meðal fólksins, er til heilla sé hún í heiðri höfð. Aðflutt menning, hversu „samtvinnuð” sem hún kann að

vera sögð --til að afsaka eða réttlæta hana-- er rótlaus á rótföstum meiði og tærri þekkingu forfeðranna. Séu aðfluttar skoðanir taldar „samtvinnnaðar“ íslenzkri menningu, þarf að skilgreina upprunalega íslenzka menningu í því samhengi. Það er ætlun Óðsmála.

Hver þjóð ætti að lifa sinn forna eigin sið स्वधर्म (svadharmā). परधर्म (paradharmā), annarra þjóða kerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður æ heim hættu.

Við skulum skilja launsagnir og táknsmál okkar ómetanlega fagurra menningararfs. Við þurfum skilning á ginnhelgum svinni, skulum nema upp fimbulrúnir, og þurfum að geta lifað íð hulda Mímisbrunnisdýpi tilverunnar áreynzlulaust ásamt vöku og svefni, í leik og í starfi. Þaðan kemur meðbyr. Ljá skulum við auga að veði til að öðlast Mímis vizku og minni.

Tæknin til að „nýsast niður“ gerir okkur kleift að taka aðeins Týréttar ákvarðanir í þróunar átt, í flæði með Þundu.

Við þurfum að komast í Valhöll sprellifandi og sem fyrst á þessari okkar ævi.



Óðsmál in fornu 40 Kálfholtslækjarhljóð Goþrún dimmblá
Guðrún Kristín Magnúsdóttir
